

AUGLÝSING

um sérlyf, sem tekin eru af sérlyfjaskrá.

Ráðuneytið hefur ákveðið, að eftirtalin sérlyf verði tekin af sérlyfjaskrá frá og með 1. júlí 1976:

Dobesin Asa sérlyf nr. 259 og
Tylinal Kabi sérlyf nr. 581.

Heimilt verður að afhenda úr óseldum birgðum lyfjanna til og með 31. júlí 1976.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. júní 1976.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

4. júní 1976.

Nr. 230.

AUGLÝSING

um takmarkanir á ávísun lækna á amfetamín og nokkur fleiri lyf.

Samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. og 2. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, skulu eftirtalin ávana- og fíknilyf skráð á lista A yfir ávana- og fíkniefni, sbr. fylgiskjal með ofangreindri reglugerð:

Amphetaminum
Dexamphetaminum
Metamphetaminum
Methylphenidatum
Pemolinum

Eftirtaldar undanþágur og fyrirmæli skulu gilda um notkun þessara lyfja til lækna svo og sölt þeirra og hvers konar samsetningar:

1. Ávísanir lækna skulu einungis ætlaðar sjúklingum, er þjást af eftirtöldum sjúkdómum:
 - 1.1 Narcolepsia
 - 1.2 Hyperkinesis
 - 1.3 Retardatio mentis
 - 1.4 Epilepsia
 - 1.5 Parkinsonismus
 - 1.6 Aðrar mjög mikilvægar ástæður.
2. Leyfi þarf til að ávísa megi þeim lyfjum, er að framan greinir. Sækja skal um slík leyfi til landlæknis. Leyfisumsókn skal fylgja rökstuðningur læknis, sbr. 1. tölulið að framan, og skal, auk nafns sjúklings, greint frá fæðingardegi, ári og nafnnúmeri.

Landlæknir gefur út leyfi til tiltekins tíma, allt að 5 árum, í formi lyfjakorts, sem sjúklingur skal framvísa lækni og lyfjabúð.

Landlæknir sendir lyfjaeftirliti ríkisins og lyfsölum tilkynningu um sérhvert leyfi, sem gefið er út eða er afturkallað.